

fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur beri tvo hluta en Njarð- 99
víkurhreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar 21. sept.
kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur
átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið
tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig samkvæmt 2. gr. sveitarstjórn-
artilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en
þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum,
og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar
og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin
breyting gjörð á Vatnsleysustrandarpinghá, hvorki sem manntalspingá nje dómpinghá.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjarík um skaðabætur fyrir 100
skemmdir á póstsendingu. — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. p. m., hafið þjer, herra 24. sept.
póstmeistari, sent hingað, ásamt ummælum póstafræðslumannsins á Prestsbakka, erindi
Sigurðar bóksala Kristjánssonar hjer í bænum, parsem hann fyrir hönd Ara bónda
Hálfðánarsonar á Fagarhólsmýri í Örfum gjörir tilkall til skaðabóta fyrir skemmdir á
bókum er tjeður bóksali hafði sent Ara þessum og afgreiddar voru frá yður í 3 póst-
bögglum með austanpósti þeim, er fór hjeðan 2. maí p. á. Það er upplýst að bóka-
sendingar þessar, er alls voru 10 pd. að vikt hafa vöknað í póstkoffortunum þannig að
sumar bækurnar hafa skemmt að nokkru leyti en sumar orðið alveg ónýtar; hafa
skemmdirnar á öllum bókunum verið metnar á 6 kr. 46 a., er eigi nemur þeirri upp-
hæð, sem tiltekin er í 13. gr. í tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 og leggið þjer til að greiða
megi nefndum Ara Hálfðánarsyni upphæð þessa úr póstsjóði.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari,
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar að jeg veiti hjer með samþykki mitt
til að áminnst upphæð 6 kr. 46 a., verði greidd úr póstsjóði sem skaðabætur fyrir
skemmdir á bókasendingum þeim, sem að ofan ræðir um.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um kröfu 101
til þóknunar fyrir að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá. — Með þóknanlegu brjefi 26. sept.
dags. 22. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá Jóni sýslunefndar-
manni Jónssyni, ábúanda á Munkaþverá, þar sem hann með skírskotun til brjefs stjórn-
arráðsins 27. maí 1880* fer fram á að fá greiddar úr umboðssjóði 400 krónur af kostnaði
við hleðslu á varnargarði í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði, er hann hefur látið gjöra á
árunum 1881—1889 og fylgir þar með skýrsla úttektarmannanna í Öngulstaðahreppi
um tjeðan varnargarð dags. 15. d. júníman. p. á.

Eins og yður er kunnugt var með ofangreindu brjefi ráðgjafans fyrir Ísland,
dags. 27. maí 1880 leyft, að greiðast mætti úr umboðssjóði $\frac{2}{3}$ hlutar af kostnaðinum
við að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði til að koma í veg fyrir skemmdir
þær, sem vofðu yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár, þó þannig, að
greiðsla þessi færi ekki fram úr 400 krónum og að ábúandinn greiddi $\frac{1}{3}$ af kostnaðin-

*) Stj.tíð. 1880, B, 92.